

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 6. nóvember 2024 í máli nr. 144/2024

Kæruneftndina skipa í þessu máli lögmennirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 22. október 2024 barst kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings við Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili endurgreiði honum greitt vanrækslugjald að fjárhæð 20.000 krónur.

II

Niðurstaða

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 81/2019 er markmið þeirra að tryggja neytendum aðgang að skilvirkri og faglegri málsmeðferð við lausn deilumála utan dómstóla. Lögin taka til ágreinings um samninga sem neytendur gera við seljendur um kaup á vöru eða þjónustu, sbr. 3. gr. Með neytanda er átt við einstakling, félag, opinberan aðila og aðra sem koma fram í atvinnuskyni og gera samninga við neytendur, svo og hvern þann sem í atvinnuskyni kemur fram í umboði eða fyrir hönd seljanda, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna.

Vanrækslugjald er það gjald sem lagt er á eiganda eða umráðamann ökutækis sem ekki hefur verið fært til lögboðinnar ökutækjaskoðunar innan tilgreindra tímamarka samkvæmt 45. gr. reglugerðar nr. 414/2021 um skoðun ökutækja með síðari breytingum. Samkvæmt 46. gr. reglugerðarinnar, sbr. 74. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 annast varnaraðili álagningu og innheimtu vanrækslugjalds. Er innheimta þessi því hluti af lögbundnu hlutverki varnaraðila.

Að mati kæruneftndarinnar verður ekki litið svo á að varnaraðili sé seljandi í skilningi 2. tölul. 1. gr. 4. gr. laga nr. 81/2019 enda kemur varnaraðili ekki fram í atvinnuskyni og gerir samninga við neytendur. Verður því að vísa kröfu sóknaraðila frá á grundvelli e. liðar 2. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019.

III

Úrskurðarorð

Kvörtun sóknaraðila, X, er vísað frá kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila, sbr. a. liður 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir

formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson